

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 500.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Benedikt Sigurjónsson hrl., skipaður verjandi ákærða, afsalaði sér málsvarnarlaunum, færir svo, að ákærði yrði dæmdur til refsingar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Móses Þorsteinsson, greiði 500 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. janúar 1960.

Nr. 94/1959. **Sameinaðir verktakar h/f,**
Sverrir Þorláksson,
Jón Eyjólfsson og
Jóhann Jón Jónsson
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
 gegn
Ragnhildi Aðalsteinsdóttur
 (Baldvin Jónsson hrl.)
 og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
 Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur
 Jóhannesson.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1959, krefjast þess, að þeim verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 66.986.97 með 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags. Þeir krefjast málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda að mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu með stefnu 10. september 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. ágúst s. á., krefst þess, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða henni kr. 194.331.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Hér fyrir dómi hafa verið lögð fram ný gögn, þar á meðal vottorð frá Árna Björnssyni lækni, dags. 2. desember f. á. Í vottorði þessu segir m. a. svo:

„Hinn 29. 8. '57 var sj. lögð inn á handlæknisdeild Landspítalans til aðgerðar, og voru örin skorin burt og löguð.

Við skoðun þ. 30. 11. '59 sést, að útlit sj. hefur batnað verulega við þessa aðgerð, ennþá eru sýnileg nokkuð breið ör á enni og hægra gagnauga, á kinn og nefi hægra megin. Kippingur er enn í augnalokinu.

Sj. kvartar um dofa í höfuðleðri og enni hægra megin, og þar eð svo langt er liðið frá slysinu, má búast við, að þessi dofi haldist.

Án frekari aðgerða munu örin í andlitinu ekki batna frá því sem nú er.

Sj. varð fyrir miklu andlegu áfalli við slysið, og hefur ekki jafnað sig eftir það, og óvíst að hún jafni sig nokkurn tíma til fulls. Hvað sem gert verður, mun hún einnig hafa varanleg andlitslýti eftir slysið.“

Þá hafa verið lagðar fram andlitsmyndir af gagnáfrýjanda, teknar á síðastliðnu hausti. Sýna þær, að áberandi ör eru enn á andliti hennar.

Svo sem segir í héraðsdómi, hafa gagnáfrýjendur viðurkennt skaðabótaskyldu sína, og er í máli þessu einungis deilt um fjárhæð 1. og 2. liðar skaðabótakröfu gagnáfrýjanda.

Um 1. lið.

Með skírskotun til gagna þeirra, sem að ofan greinir, þykja bætur til handa gagnáfrýjanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 120.000.00.

Um 2. lið.

Samkvæmt gögnum málsins má ætla, að atvinnutjón

gagnáfrýjanda sé nokkru meira en gert er ráð fyrir í héraðsdómi, og þykja bætur henni til handa samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 25.000.00.

3. og 4. kröfuliður gagnáfrýjanda, kr. 1.229.00 og kr. 1.520.00, eru viðurkenndir.

Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjanda kr. 120.000.00 + kr. 25.000.00 + kr. 1.229.00 + kr. 1.520.00, þ. e. samtals kr. 147.749.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags. Svo þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Sameinaðir verktakar h/f, Sverrir Þorláksson, Jón Eyjólfsson og Jóhann Jón Jónsson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Ragnhildi Aðalsteinsdóttur, kr. 147.749.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 30. apríl 1959.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. október 1958, af Ragnhildi Aðalsteinsdóttur, Kirkjuvegi 19, hér í bæ, gegn Sameinuðum verktökum h/f, Reykjavík, og Sverri Þorlákssyni, Kaplaskjólsvégi 5, Jóni Eyjólfssyni, Skipasundi 8, og Jóhanni J. Jónssyni, Bogahlíð 14, öllum í Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum að upphæð alls kr. 194.331.00 auk 6% ársvaxta frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Af hálfu stefndu er krafizt, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Féboðaábyrgð stefndu í málinu er ekkj mótmælt. Málið er rekið fyrir bæjarþingi í Hafnarfirði samkv. 84. gr. laga nr. 85/1936.

Málavextir eru þessir:

Árið 1957, þann 16. febrúar, kl. rúmlega 9.30, var bifreiðin R 3851, sem er Dodge-sendiferðabifreið, á leið sinni frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur, komin að svonefndu Gíslaskarði. Í bifreiðinni voru stjórnandi hennar, Sverrir Þorláksson, og enn fremur stefnandi máls þessa, Ragnhildur Aðalsteinsdóttir. Færðin á leiðinni hafði verið mjög slæm og varasöm sakir háلكu. Þegar bifreiðarstjórinn hóf beygjuna inn í skarðið, kom þar á móti honum vörubifreið R 5609, sem var á leið til Keflavíkur, og var bifreiðarstjóri Jóhann Jón Jónsson, en eigandi hennar var Jón Eyjólfsson. Varð þarna milli bifreiðanna harður árekstur, og við það hlaut stefnandi mikil meiðsl. Var hún bráðlega flutt á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og læknir sá, sem gerði að meiðslum hennar, lýsir þeim þannig í vottorði, dags. 8. apríl s. á.: „Hún hafði fengið stóran skurð á andlit og höfuð. Náði efri skurðurinn 9 cm upp frá hægri augnkrók medialt, þvert yfir efra augnlok, og 4 cm upp á enni lateralt. Lá flipi sá, er var á milli skurðanna, uppi á enni. Þá var skurður undir neðra augnaloki og 7 cm langur skurður medialt á hægri kinn meðfram nefi. Sárbrúnirnar voru mjög höggnaðar og marðar . . . Þá var sjúklingurinn marinn og lerka víða um líkamann, en reyndist ekki beinbrotinn.“

Slasaða lá um 10 daga í spítalanum, en var þá látin fara heim, og var hún þar meira og minna við rúmið fyrst í stað. Í fyrrgreindu læknisvottorði var hún óstarfhæf til 7. apríl, en sjálf sagðist hún ekki hafa getað látið sjá sig á götu og því alls ekki fengið sig til að reyna að hefja vinnu sína á ný, enda var hún til meðferðar í ljósum um mánaðartíma. Var hún síðan send á Landsspítalann til aðgerðar 29. ágúst, og var þar 4—5 daga til læknis meðferðar á örunum. Voru þau ýmist skorin burt eða löguð, og einnig var reynt að laga augnalokin, þar sem hún átti erfitt að loka hægri auga. Bati er talinn hafa orðið nokkur við þetta, en frekari aðgerðir hafa ekki verið framkvæmdar í þá átt að reyna að lagfæra örin, sem enn eru mjög áberandi lýti á andliti hennar.

Vegna þeirra þjáninga, röskunar á högum og lýta, sem meiðslin hafa haft í för með sér fyrir stefnanda, hefur hún nú höfðað mál þetta til greiðslu bóta og kostnaðar og eru þær kröfur sundurliðaðar eins og hér segir:

- | | |
|---|----------------|
| 1. Bætur fyrir varanleg líkamslýti, þjáningar og óþægindi | kr. 160.000.00 |
| 2. Vinnutap | — 31.582.00 |
| 3. Kostnaður við nuddaðgerðir, örorkuskoðun og | |

læknisvottorð	kr.	1.229.00
4. Bætur fyrir skemmdir á kápu og veski	—	1.520.00

Alls kr. 194.331.00

Hina einstöku liði rökstyður stefnandi, eins og hér skal rakið.

Ad 1. Við slysið hafði stefnandi hlotið mjög mikil líkamslýti, sem verði varanleg, og hafi það alvarlega röskun á högum ungrar stúlku og óþægindi og þjáningar, sem einkum séu sálræns eðlis, en stefnandi er fædd 11. júní 1937.

Ad 2. Tekjur stefnanda árið 1956, eða árið fyrir slysið, hafi verið samkvæmt vottorði skattstofunnar kr. 44.048.00, en þá vann hún við skrifstofustörf hjá Sameinuðum verktökum á Keflavíkurlflugvelli og allt fram að því, að slysið varð. Árið 1957, er hún varð fyrir slysinu, hafi hún lítið getað unnið, og tekjur hennar því aðeins numið kr. 12.466.00, og er krafizt hér greiðslu á mismuninum, sem verður kr. 31.582.00, en það sé vinnutap hennar vegna slyssins.

Ad 3. Hér er um að ræða kostnað vegna læknisaðgerða og vottorða o. fl. í sambandi við slysið.

Ad 4. Við slysið hafi skemmst kápa og veski, og eru metnar skaðabætur af tveimur saumakonum, sem höfðu skoðað hvort tveggja, á 1600—1700 kr.

Af hálfu stefnda er framangreindri sundurliðun stefnanda mót-mælt í einstökum atriðum, nema 3. og 4. lið, sem hann hefur samþykkt.

Ad 1. Þó að lýti séu mjög mikil á andliti stefnanda, telur stefndi bótakröfu undir þessum lið alltof háa.

Ad 2. Þá er af hálfu stefnda haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið óvinnufær eins lengi og upphæð þessa liðs er miðuð við, en framlagt örorkuvottorð hljóti að skera úr um lengd þess tíma, sem hún var óvinnufær, og beri að lækka liðinn í samræmi við það. Ekkj sé hægt að miða við það, hvenær stefnandi fór raunverulega að vinna.

Í máli þessu liggur fyrir örorkumat Þórarins læknis Sveinssonar, dags. 20. ágúst 1958, og segir þar að niðurlagi: „Á hinn bóginn er hér enginn dómur lagður á lýti konunnar, og þar verður hver og einn að meta sig sjálfur.“ Um skoðun, er læknirinn hafði framkvæmt, segir þar svo:

„Strax og litíð er framan í konuna sést, að hún hefur ennþá mjög mikil og áberandi ör hægra megin í andliti. Greinilegur

bati hefur þó orðið, þegar borið er saman við myndir af örunum, sem teknar voru, áður en gert var við þau. Einna mest ber á örinu á enninu, ofan nefrótar. Þau eiga þó án efa eftir að lagast nokkuð ennþá og hvítna. Við mælingar á örunum nú reynist örið medialt á enninu 8 cm langt, en lateralt á gagnauganu 5 cm. Örið niður frá auganu niður með nefinu mælist 8 cm. Neðra augnlokið fellur nú betur og er að sjá jafn bogadregið eða því sem nær. Hún segist þó verða þess vör, að hún sofi með augað opið að einhverju leyti. Hún getur vel lokað auganu, þegar hún reynir það, en vel má vera, að svefninn slakji á augnlokinu.

Konan kemur eðlilega fyrir, og við almenna skoðun var ekkert sérlegt að finna.

Konan telur, að svefn hafi verið dálítið óreglulegur fyrst eftir slysið, en lagast, er frá leið.

Ályktun: Um mikið meiðsli er að ræða í andliti, er hlautt við bílslys. Það er þó aðallega lýtaslys frekar en örorkuslys, nema þann tíma, er þurfti til að græða sárin og ef til vill að jafna tauga-kerfið eftir áverkann.“

Telur læknirinn örorkutímabilið ná yfir 20 vikur, eða um 5 mánuði.

Eins og fram kemur af því, sem hér hefur verið rakið um meiðsli stefnanda, hefur hún átt tiltölulega stutt í veikindum þeim, sem urðu afleiðingar af slysinu, þar sem hún fyrst á eftir var í sjúkrahúsi aðeins tíu daga, áður en hún var send heim, og í síðara skiptið, er lagfæring á örunum fór fram, dvelur hún 4—5 daga á sjúkrahúsi. Auk þess hefur hún verið nokkuð lengi að ná sér fullkomlega, en ekki verður séð, hvenær hún gæti talizt fær um að hefja aftur sitt fyrra starf.

Það verður hins vegar að telja, að aðrar afleiðingar af slysinu, örin, sem verða varanleg á andliti hennar, séu stórt áfall og hnekkir fyrir unga stúlku, 19 ára gamla, eins og hún var, er þetta bar við. Einnig má gera ráð fyrir, að sálræn áhrif af örunum geti háð henni eitthvað eftirleiðis.

Þegar þetta hvort tveggja er virt og með vísan til þeirra gagna, sem fyrir liggja um meiðsli, telur dómurinn bætur samkvæmt 1. lið kröfugerðar stefnanda hæfilega metnar kr. 90.000.00.

Eins og þegar er bent á, verður ekki séð, hvenær stefnandi má teljast vinnufær aftur eftir slysið, en hins vegar hefur hún haft mjög litlar tekjur á því ári.

Þar sem ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar í þessu efni, þykir rétt að miða vinnutap samkvæmt 2. lið við sama tíma og

Örorkumatið nær til, eða 5 mánuði, og þar sem laun hennar voru fyrir slysið kr. 3.403.70 á mánuði að viðbættu fæði og húsnæði, verða bætur fyrir tímabilið fyrir vinnutap kr. 20.643.50.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnandanum bætur samkvæmt kröfu hennar, kr. 90.000.00 + kr. 20.643.50 + 1.229.00 + kr. 1.520.00, eða samtals kr. 113.392.50 auk 6% ársvaxta af upphæðinni frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags.

Þá ber og að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega metinn kr. 11.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Sameinaðir verktakar h/f, Sverrir Þorláksson, Jón Eyjólfsson og Jóhann Jón Jónsson, allir í Reykjavík, greiði in solidum stefnandanum, Ragnhildi Aðalsteinsdóttur, kr. 113.392.50 auk 6% ársvaxta frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags og málskostnað með kr. 11.000.00 — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. janúar 1960.

Nr. 2/1960. **Ragnhildur Steindórsdóttir**
 gegn
Herði Ólafssyni.

Dómenndur:

Hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 8. desember 1959 og hingað kominni 4. janúar þ. á. hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 2. desember 1959 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði úr hendi varnaraðilja og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.